

Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 2. mars 2021

**Mál: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006, og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði), 536. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 23. febrúar 2021 þar sem óskað var umsagnar SA um ofangreint frumvarp.

SA fagna frumvarpinu og telja þær breytingar sem þar eru lagðar fram vera mikið gæfuspor. Með því að opna dyr háskóla fyrir þeim sem lokið hafa námi frá framhaldsskóla á þriðja hæfniprepi er starfs- og tæknimenntun lyft á þann stall sem henni ber. Það er von samtakanna að þessi breyting leiði smám saman til þess að ásókn í starfs- og tækninám muni aukast en skortur hefur verið á starfs- og tæknimenntuðu fólki á íslenskum vinnumarkaði um alllangt skeið. Það er því mikilvægt að þeir nemendur sem velja starfs- eða tækninám standi jafnfætis þeim sem útskrifast með stúdentspróf er varðar möguleikann á áframhaldandi námi á háskólastigi.

SA taka undir það sem stendur í greinargerð frumvarpsins varðandi orðalag gildandi laga sé ekki nægjanleg hvatning fyrir háskóla til að móta gagnsæ og skýr aðgangsviðmið fyrir nemendur sem hafa lokið iðn- og starfsnámi. Mikilvægi gagnsærra og skýrra aðgangsviðmiða er ótvírætt bæði fyrir nemendur og ekki síður skólana sjálfa en slík viðmið ættu alla jafna að auka skilvirkni menntakerfisins og auðvelda nemendum að skipuleggja nám sitt.

SA mæla eindregið með því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Ólafur Garðar Halldórsson

Ólafur Garðar Halldórsson